

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

*Nýtt deiliskipulag fyrir Hvannavelli 10-14.*  
Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 16. maí 2023 deiliskipulag fyrir Hvannavelli 10, 12 og 14.

Skipulagssvæðið er 0,9 ha og afmarkast af lóðum nr. 10, 12 og 14 við Hvannavelli. Í deiliskipulaginu felst m.a. að gert er ráð fyrir tveimur nýjum byggingum innan núverandi lóða á svæðinu. Á lóð Hvannavalla 10 er gert ráð fyrir fjölbýlishúsi sem verði að hámarki fjórar hæðir með efstu hæðina inndregna og á lóð Hvannavalla 14 er gert ráð fyrir verslunar- og þjónustuhúsnaði á þremur hæðum með efstu hæðina inndregna.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 40.-42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 29. júní 2023,*

**María Markúsdóttir** verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfudagur: 13. júlí 2023